

36.tbl.

20. sept. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## UPPBYGGINGARSTÓÐUR

- > Rafrænir kynningarfundir
- > Persónuleg ráðgjöf

UMSÓKNARFRESTUR:  
18. OKTÓBER  
KL 12:00

Allar upplýsingar á [www.ssne.is](http://www.ssne.is)



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRÁ




## Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar

Óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2023. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lög-  
býli eða stofnanir sem eru til fyrirmyndar í umhverfismálum, um-  
hirðu eða umgengni í sveitarfélaginu.

Við óskum eftir því að allir horfi í kringum sig og sendi til  
nefndarinnar tilnefningar með rökstuðningi af hverju viðkom-  
andi skuli hljóta viðurkenningu.

Tilnefningar eru að þessu sinni rafrænar í gegnum slóð sem finna  
má á heimasíðu sveitarfélagsins og þurfa að berast fyrir 9.  
október næstkomandi.

Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar



## Messa Einarstöðum

Almenn Guðsþjónusta verður  
á Einarstöðum næstkomandi sunnudag,  
24. september klukkan 11:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

## Reiðnámskeið 22 - 24 September 2023



VectorStock Illustration.com

Reiðkennsla hjá Þórdísi Þórisdóttir.

Staðsetning: Torfunes

Fyrir hverja -> Alla sem hafa áhuga á að læra eitthvað varðandi hesta, sama hvar þeir eru staddir í sinni hestamennsku.

Boðið er uppá:

Einkatíma - 30 mín = 7000kr

Paratíma (2 sama) - 40 mín = 5500kr

Hóptími (4 saman) - 40 mín = 4500kr

Hægt er að fá leigðan hest fyrir 1500kr tímang

Skráning og nánari upplýsingar á netfangið = [thotho@mail.holar.is](mailto:thotho@mail.holar.is) eða í síma 6590579



Helgistund á haustkvöldi sunnudaginn 24. september

í Lundarbrekkukirkju kl. 20:00.

Verið þið öll hjartanlega velkomin 😊



Við veitum alhliða málningarpjónustu.  
Inni og Úti málun - Nýmálun - Endurmálun - Spörtlun

Ívar Örn Axelsson löggildur Málarameistari.  
S:779-5533 mail: [ivaraxels@gmail.com](mailto:ivaraxels@gmail.com)



## Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Íþróttá- tómsunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2023. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á heimasíðu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 30. september n.k.

***Ath. minnum styrkþega 2022 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár á netfangið***

***itmnefnd@thingeyjarsveit.is***

**Íþróttá- tómsunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar**